

AUGLÝSING

um sveitarstjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar 4. maí 2024.

Innviðaráðuneytið hefur, með vísan til 125. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ákveðið að boða skuli til sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar hinn 4. maí 2024.

Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í hinu sameinaða sveitarfélagi er til kl. 12 á hádegi föstudaginn 29. mars 2024. Sveitarstjórnarmenn sem hyggjast skorast undan endurkjöri skulu tilkynna þá ákvörðun til yfirkjörstjórnar fyrir lok framboðsfrests.

Utankjörfundaratkvæðagreiðslu skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að framboðslistar hafa verið auglýstir, þó eigi síðar en 29 dögum fyrir kjördag.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 24. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

F.h. landskjörstjórnar, 21. mars 2024,

Ástríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2024